

Skýrsla stjórnar Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar 2002-2003

(flutt á klúbbfundi 26. júní 2003)

Ágætu félagar

Nú er að ljúka 56. starfsári Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar. Þegar ég tók við keðjunni fyrir tæpu ári var í mér ákveðinn eftirvænting en enginn beygur. Nú þegar horft er til baka, ekki aðeins yfir þetta ár heldur árin þar á undan, sé ég skýringuna. Ég fékk góðan undirbúning hjá forverum mínum Sigurbóri Aðalsteinssyni og Skúla Valtýssyni, en með þeim sat ég við stjórnarborðið síðan 2000 og var þannig búinn að fá góða þjálfun.

Alþjóðaforsæti Rotary International þetta starfsár var Bichai Rattakul lögmaður og fyrrverandi utanríkisráðherra Thailands. Hann kom í heimsókn til Íslands í byrjun október og var haldinn fundur með honum á Hótel Sögu, sem forsetar og ritarar klúbbanna voru boðaðir til.

Almennt um klúbbstarfið.

Það voru haldnir 47 fundir og voru 7 þeirra tileinkaðir sérstökum tilefnum svo sem jólafundur, fundur afkvæma og þorrafundur. 2 fundir vegna tilnefninga og stjórnarkjörs stjórnarskiptafundurinn í fyrra og svo fundurinn í dag þar sem við lítum nú yfir farinn veg og rifjum upp helstu atburði starfsársins. Á öllum hinum 40 fundunum voru flutt erindi af margvíslegum toga og þar af voru 4 starfsgreinaerindi. 2 þeirra voru að hluta á vinnustað flytjenda þeirra Daniels Sigurðssonar sem tók á móti félögum í Ósey og Gyðu Björnsdóttur sem sá um fræðsluferð í Íslenska Erfðagreiningu og flutti svo starfsgreinaerindi sitt á fundi eftir heimsóknina. Þá kynntu Hallfríður Helgadóttir og Sigurður Björgvinsson sínar starfsgreinar með ágætum á klúbbfundum. Félagi okkar Bjarni Þórðarson sá einnig um fundarefnið í lok febrúar í tilefni afmælis Rótarýhreyfingarinnar og fjallaði þá um málefni hennar. – Haldnir voru 13 formlegir stjórnarfundir.

Meðal fyrirlesara okkar voru frv. Forsæti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir sem sagði okkur frá merkilegum framkvæmdum á gömlu pakkhúsi í Kaupmannahöfn sem verður miðstöð Vestur norrænnar starfsemi m.a . verður Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn hýst þar. Umdæmisstjóri Sigurður R. Símonarson heimsótti okkur 26. sept-

ember og 3 ráðherrar þau Siv Friðleifsdóttir, Árni M. Mathiesen og Sturla Böðvarsson komu og fluttu erindi á fagsviði sinna ráðuneyta Um leið og þetta er nefnt hér skal tekið fram að öll erindi flutt í klúbbnum voru mjög vel undirbúin og spönnuðu við svið allt frá óperu til framtíðarsýnar í rafeindatækni og svo stöðu og framtíðarsýn um málefni aldraðra á Íslandi. Frásögn félaga okkar Gunnhildar af reynslu sinni af störfum í alnæmis-hrjáðu íbúasvæði í S- Afríku verður í minnum höfð og er andstæða þeirrar upplifunar sem margir klúbbfélagar fengu af heimsókn á slóðir íslenskra landnema í Bandaríkjunum og Kanada.

Haft var að leiðarljósi þetta starfsár að veru í Rótarý má líkja við nám í háskóla hins daglega lífs og þess vegna var leitað á hin dýpstu mið við að fá fyrirlesara. Þannig á Rótarý að vera í senn fræðandi og um leið skapa góð skilyrði fyrir góðar samverustundir og gagnkvæmrar kynningar félaga og gesta.

Fyrsta verk mitt eftir að hafa fengið keðjuna um hálsinn var að taka við hinum nýja ræðustóli sem var rausnarleg gjöf Gylfa Sigurðssonar og Sigurbórs Aðalsteinssonar. Ræðustóllinn hefur vakið verðskuldaða athygli og af persónulegri reynslu fullyrði ég að hann hafi á táknrænan hátt enn aukið á virðingu klúbbs okkar og virðingu okkar sjálfra klúbbfélaganna á sögu hans og starfi. Það er alltaf sérstök tilfinning að ganga að ræðustólnum, undirbúa fund, hringja hann inn og ljúka með hefðbundnum hætti. Við þurfum að bera virðingu fyrir hefðunum en um leið vera framsýn og skapandi og móta starfið í samræmi við þróun og tíðaranda.

Ég tók upp þá nýjung að fara með fjórpróf Rótarý í upphafi hvers fundar og tel það ávallt vera góða hvatningu til okkar allra um að standa þétt saman, í vináttu og eindrægni.

Mætingar

Almennt séð voru mætingar klúbbfélaga góðar en hafðar voru gætur á að láta þá vita sem ekki saúst um einhvern tíma. Annars hvet ég enn til að menn mæti líka í aðra klúbba og er af því bæði ánægja með að kynnast störfum annarra klúbba og bæta um leið upp að missa af mætingu í sínum klúbba.

Andlát.

Einn félagi okkar Jón Guðmundson lést á fyrsta degi starfsársins og var hans minnst á stjórnarskiptafundi. Þar var skarð fyrir skildi. Jón var félagi okkar í mörg ár, mætti vel á fundum, sýndi mikinn áhuga á öllum athöfnum klúbbsins og var einn af lykilmönnum í undirbúningsnefnd fyrir vesturförina. Vilborg Þorfinnsdóttir eiginkona félaga okkar Skúla Valtýssonar lést í lok maí-mánaðar og var minnst á fundi. Við félagarnir minnumst góðra samverustunda með henni m.a. í Vesturförinni sem hún naut ríkulega og við með henni.

Nýir félagar.

Fimm nýir félagar gengu í klúbbinn þau Gyða Björnsdóttir, Guðmundur Jónsson, Haraldur Jónsson, Sigurjón Pétursson og Gunnar Hjaltalín. Félagar í lok starfsárs_eru alls 74 þar af voru 2 heiðursfélagar, Magnús Guðlaugsson og Pétur Þorbjörnsson.

Starf nefnda.

Vesturfararnefnd:

Byrjun starfsársins mótaðist mjög af undirbúningi vesturfara klúbbfélaga og maka sem hófst 1. ágúst 2002 og stóð í 9 daga. Við förum til Keflavíkur beint eftir fund sem var frestað og settur aftur í Gimli 6. ágúst. Við vorum 44 félagar og makar sem förum í þessa ferð og auk okkar 4 gestir utan klúbbsins, Guðmundur Guðmundsson Rótaryfélagi á Sauðárkróki og kona hans Sigurlaug og Ólafur og Sigurlaug foreldrar verðandi forseta Guðmundar Rúnars. Ferð okkar tókst með afbrigðum vel og hafa henni verið gerð góð skil á klúbbfundi. Einnig skriði Sigrún Reynisdóttir kona Páls Pálssonar ferðasöguna sem birt var á vefsíðu klúbbsins. Jafnframt skal þess getið að Sigurþór Aðalsteinsson sýndi myndir og rakti ferðasöguna á opnu húsi hjá Félagi eldri borgara nú í maí.

Guðni Gíslason tók hundruð mynda og Kristján Stefánsson tók upp myndband („rúlluband“ St.J.St.) sem allir ferðalangar fengu eftir klippingu. Við nutum frábærrar gestrisni frændfólks okkar og fengum ógleymanlega leiðsögn heimamanna Eiður Guðnason sendiherra og Eygló kona hans tóku á móti hópnum síðasta daginn og Eiður bætti um betur og var fyrirlesari á klúbbfundi okkar 17. okt. og má segja að þar hafi verið gerð endanleg skil á góðri ferð. Þó vil ég taka fram að ferðin er enn ofarlega í góðu minningasafni ferðalanganna og verður vonandi svo áfram. Enda þótt margir klúbbfélagar hafi ekki átt þess kost að fara í þessa ferð er ég fullviss um

að hún hafi átt mikinn þátt í að efla klúbb okkar. Samheldnin og gleðin af samverunni í anda Rótary hefur varanleg áhrif. Ekki var verra að nokkur tekjuafgangur varð af ferðinni sem var varið til að styrkja kór ungmenna frá Nýja Íslandi til Íslandsferðar nú í sumar. Ég þakka félögum mínum í Vesturfararnefndinni frábært starf og nefni þau hér Gunnhildur Sigurðardóttir, Páll Pálsson og Guðni Gíslason. Félagi okkar Jón Guðmundsson var eins og áður sagði einnig mikill hvatamaður og ötulst starfandi í nefndinni.

Aðrir Rótaryklúbbar hafa leitað í smiðju til okkar svo sem Seltjarnarnes og Kópavogsklúbbarnir. Hópur úr hinum fyrrnefnda er að fara í sumar og Kópavogsfélagar eru með áform um næsta sumar og var ég einmitt gestur á fundi þeirra s.l. þriðjudag og sagði frá ferð okkar. Enn fremur urðu fregnir af velheppnaðri för okkar til þess að önnur svipuð ferð verður nú í sumar þ.e. blandaður hópur að mestu Hafnfirðingar. Það er mikið ánægjuefni að Marinella ekkja Jóns félaga okkar verður með í þeirri ferð.

Landgræðslunefnd.

Í sept. s.l. návar tiltekið þ. 19. voru 100 ár liðin frá fæðingu Jóns í Skuld heiðursfélaga okkar. Af því tilefni héldum við fund þann dag í skógræktareit okkar að viðstöddum börnum Jóns og öðrum ættingjum. Landgræðslunefnd sá um undirbúning fundarins og Jón Vignir og Hjördís voru svo höfðingleg að leggja til húsnæði í sumarhúsi þeirra fyrir neyslu hádegisverðarins og til fyrirlesturs Björns Árnasonar félaga okkar. Þau Jón Vignir og Hjördís sýndu sama rausnarskap í árlegri skógræktarferð nú í maí s.l. Landgræðslunefndin með Björn Árnason sem formann og með hina öfluglu meðnefndarmenn til nokkurra ára Helga G. Þórðarson og Trausta Ó. Lárusson auk Jóns Vignis, sá einnig um árlegt skógarhögg fyrir jólin.

Æskulýðsnefnd.

Við höfðum skiptinema s.l. starfsár, Julie Carlier. Julie er einstaklega ljúf stúlka og gekk allt snurðulaust í sambandi við dvöl hennar. Hún kom oft á fund til okkar og kvaddi klúbbinn formlega á fundi 19. júní s.l. Við vorum þó allnokkrir félagar sem nutum einnig samverunnar með henni í Vestmannaeyjum á umdæmisþingi um síðustu helgi. Þar var hún eins og alltaf til sóma og kvöddum við hana með söknuði. Æskulýðsnefnd undir forystu Guðna Gíslasonar skilaði sínu verki með mikilli prýði. Nefndin hafði veg og vanda af dvöl Julie en hún bjó líka meirihluta tímans hjá Guðna og Kristjönu. Hallfríður Helgadóttir var öflugur varaformaður nefndarinnar og sýndi mikinn skörungs-

skap í að kynna sumarbúðir Rótarý sem er mjög vannaþétt tækifæri. Eftir þessu var tekið hjá umdæminu og er hún enda tilnefnd í Æskulýðsnefnd umdæmisins næsta starfsár.

Skemmtinefnd.

Kári Valvesson var formaður skemmtinefndar og var því í fararbroddi við undirbúning og framkvæmd skemmtifunda ársins. Árhátíð var haldin í Skútunni 11. október og var hún vel sótt og tókst afar vel. Diddú söng við undirleik Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur og Kári flutti skemmtilegan pistil. - Jólafundur var haldinn í Turninum 19. desember. Þar voru teknir inn 4 af hinum 5 nýju félögum. Sigurður Björgvinsson stjórnaði fjöldasöng. Guðrún Egilson las upp úr bók sinni um Svanhvíti Egilsdóttur og Margrét Sigurðardóttir flutti hrífandi söng. Mettþátttaka var á þessum jólafundi yfir 100 manns. - Afkvæmafundur var haldinn 2. janúar og var bryddað upp á þeirri nýbreytni að bæði fullorðnir og börn fengu hamborgara. Varaformaður skemmtinefndar, Sigurður Björgvinsson sýndi frábær tilþrif við leik og söng með ungum gestum okkar. - Þorablótið var haldið 30. janúar á venjulegum fundartíma og flutti Anna Birna Almarsdóttir minni karla.

Skemmtinefndin stóð sig afar vel og skilaði einnig góðum tekjuafgangi.

Ferðanefnd

Farið var í Viðey 1. maí. Örlygur Hálfánarson Viðeyingur var leiðsögumaður okkar og fræddi okkur um sögu eyjunnar í norðaustan strekkingnum. Við fengum svo gott húsaskjól í „félagsheimili Viðeyjarfélagsins“, sem er gamill vatnstankur eyjunnar. Þar var fram borin fiskisúpa að hætti Ástu og Gylfa. Ferðin var afar vel heppnuð og góð mæting einnig úr dótturklúbbi okkar Straumi sem tók þátt í ferðinni ásamt Inner Wheel. Haft er nú á orði að Viðeyjarferðin hafi verið mjög góð æfing í eyjasiglingum því að næsta ferð var einmitt til Vestmannaeyja.

Umdæmisþing 2003 var haldið í Vestmannaeyjum um s.l. helgi 20.-22. júní og var það lokaverkefni ferðanefndar á starfsárinu. Við vorum alls 25 manns, 14 félagar, 10 makar auk Julie skiptinema sem lögðum leið okkar til Eyja og var tilefnið sérstaklega að vera til staðar til að fagna embættistöku féлага okkar Bjarna Þórðarsonar sem umdæmisstjóri fyrir næsta starfsár. Jafnframt þakkaði ég Vestmannaeyingum f.h. klúbbs okkar frábært þinghald og bauð til næsta umdæmisþings í Hafnarfirði 25.-27. júní 2004. Þetta var í alla staði geysilega velheppnuð ferð og frábær loka punktur á starfi ferðanefndar.

Gylfi Sigurðsson var formaður nefndar og sýndi mikla röggsemi.

Undirbúningsnefnd umdæmisþings 2004

Undirbúningsnefnd 58. umdæmisþings Rótarý-hreyfingarinnar á Íslandi sem verður haldið hér í Hafnarfirði 25. og 26. júní 2004, hóf störf til að ganga frá þöntun húsnæðis og fyrsta undirbúningsundir þann atburð. Þetta verður í fyrsta sinn sem umdæmisþing Rótarý er haldið hér í bænum en áður hefur það verið haldið á Þingvöllum (1955), tvisvar á Laugarvatni (1966 og 1975) og svo á Hótel Örk 1988 í tíð Stefáns Júlíussonar. Þeir Skúli Valtýsson og Hjalti Jóhannsson voru í forystu við undirbúninginn á þessu starfsári en nú hefst undirbúningurinn af krafti á nýju Rótarýári.

Aðrar nefndir

Starf annarra nefnda var hefðbundið. Fasta-nefndirnar sáu um fundarefni samkvæmt dagskrá. Sólvangnefnd undir forystu Páls Pálssonar sá um opið hús fyrir eldri borgara og jafnframt fundarefni tveggja funda. Verðlaunanefnd skólanemenda undir forystu Hjördísar Guðbjörnsdóttur sá um fund þar sem veitt voru að hefðbundnum sið verðlaun fyrir framúrskarandi árangur nemenda í skólum bæjarins. Þessi athöfn er eitt af því sem gerir klúbb okkar sýnilegan í bæjarfélaginu og eykur á virðingu hans. - Enda þótt umsjón með árlegu Rótarýgolfi sé ekki nefndarstarf var það samt fært til bókar og er í höndum golffrömuða okkar Guðmundar Friðriks og Pálma.

Framkvæmdasjóður

Skúli Þórsson formaður stjórnar Framkvæmdasjóðs mun gera grein fyrir starfi og reikningum sjóðsins hér á eftir.

Rótarýsjóðurinn

Það hefur ávallt verið metnaðarmál Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar að skila góðum framlögum til Rotary Foundation. Stjórnin setti sér það markmið að ná inn sem mestu af framlögum til Rótarýsjóðsins með frjálsum framlögum. Ákveðið var að mæta beiðni umdæmisstjóra um 20 dollara á hvern klúbbfélaga með framlagi úr félagssjóði þ.e. í gegnum félagsgjöldin. Áður hafði stundum verið leitað til Framkvæmdsjóðs til að sinna lágmarksframlagi klúbbsins en að höfðu samráði við stjórn Framkvæmdasjóðs var það ekki talið við hæfi. Verkefni sjóðsins ættu að vera á öðrum sviðum til framfara í bæjarfélagi okkar svo sem dæmi var um á s.l. ári með framlagi hans til meltingardeildar St. Jósefsspítala.

Nýjungin var að stilla upp „Grísnum góða“ og hvetja til frjálstra framlaga í anda hinna gömlu

sanninda um að margt smátt gerir eitt stórt. Grísinn sem nú hefur öðlast landfrægd eftir umdæmisþing skilaði rúnum 100 þús. kr. eða sem svarar um 1400 dollurum. Gjafir í nafni félaga vegna stórafmæla og minningargjafir skilðu 350 dollurum og það sem ber einnig mjög hátt er frumkvæði þeirra Sigurðar Hallgrímssonar og Þórðar Stefánssonar sem gáfu stórar upphæðir í tilefni sjötugsafmæla sinna. Þeirra framlög og grísinn voru sérstaklega ánöfnuð Polio Plus verkefni Rótarysjóðsins.

Þessi framlög í nafni klúbbsins nema samtals um 5500 dollurum á starfsárinu og er það algert met. Fyrir þetta allt er þakkað af heilum hug og hefur þetta vonandi hvetjandi áhrif á okkur sjálf til frekari dáða og einnig öðrum klúbbum til hvatningar enda vöktu menn rækilega athygli á frammistöðu okkar á þinginu.

Nýr klúbbfáni

Í byrjun þessa starfsárs var ljóst eftir birgðakönnun að lítið var eftir af borðfána okkar og kom þá fram sú hugmynd að gera nýjan sem væri í stíl við hátíðarfánann. Eftir nokkrar vangaveltur og þegin ráð frá góðum mönnum í klúbbnum varð það niðurstaða stjórnar að láta gera þann fána sem hér er sýndur og hefur nú verið formlega tekin í notkun með því að forseti afhenti Rótaryklúbbs Vestmannaeyja og Rótary-umdæminu fyrstu tvö eintökin á umdæmisþinginu í Eyjum. Er hann því formlega tekin í notkun. Fráfarandi og viðtakandi stjórnir hafa rætt um að félagar greiði fyrir þá fána sem þeir taka með sér til afhendingar í öðrum klúbbum eða til eigin nota. Andvirðið verði sett í Grísinn.

Umdæmisþing 2003.

Eins og áður sagði var 57. umdæmisþing Rótary haldið í Vestmannaeyjum um síðustu helgi. Að vanda voru það verðandi forseti og ritari sem sóttu formót og þingið en auk þeirra sóttu þingið þeir félagar sem gerðu sér sérstaka ferð á þingið. Þeir Guðmundur Rúnar Ólafsson og Kristján Stefánsson voru því aðalfulltrúar okkar á þinginu og mun Rúnar segja nánar frá því þegar hann

tekur við og greinir frá áherslum næsta starfsárs sem er undir forystu félaga okkar Bjarna Þórðarssonar umdæmisstjóra. Við félagar og makar hylltum Bjarna og Kristínu þegar umdæmisstjóraskiptin höfðu farið fram og sungum „Hvað er svo glatt“.

Lokaorð

Rótaryhjólíð snýst áfram. Næsti fundur er stjórnarskiptafundur og tekur þá ný stjórn 2003-2004 við. Þannig er hringrásin í Rótary. Við vitum að hverju við göngum þegar við erum kölluð til stjórnar- og annarra ábyrðarstarfa í Rótary. Það á sér aðdraganda og við sem veljumst til trúnaðarstarfa vitum að embættistíma lýkur og annar félagi tekur við kefli okkar. Ég vil geta þess að Rótaryklúbbarnir njóta þjónustu skrifstofu umdæmisins þar sem Þórdís Árnadóttir hefur stýrt skrifstofunni um áráðir. Hennar ráð og liðveisla gera starf embættismanna klúbbanna mun auðveldara.

Mér er efst í huga þakklæti til ykkar allra klúbbfélaga fyrir frábært samstarf. Sérstakar þakkir færi ég félögum í stjórn síðasta starfsár þeim Guðmundi Rúnari, Sigurði Hallgrímssyni, Steingrími Guðjónssyni og Jóni Auðunni Jónssyni. Þá vil ég einnig nefna fyrrverandi forseta Sigurbór Aðalsteinsson sem formlega var einnig í stjórninni enda þótt hann sæti að vild við önnur borð. Hann var ætíð boðinn og búinn að stjórna fundi þá sjaldan ég forfallaðist og jafnframt var alltaf gott að þiggja hans góðu ráð og leiðsögn. Það á reyndar við um alla formenn nefnda og svo marga aðra reynda félaga sem þjónað hafa klúbbnum á öllum sviðum og ætíð verið til taks.

Steingrímur Guðjónsson gjaldkeri mun gera grein fyrir reikningum ársins hér á eftir. Gott aðhald var í rekstri og útkoman samkvæmt því.

Hafið öll heila þökk fyrir að sameinast um að gera starfsárið 2002-2003 að góðu ári.

26. júní 2003

Almar Grímsson